

**35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um fjárveiting til bráðabirgða fyrir
fjárhagsárið 1870—71.**

1870
30. apríl.

Um leið og stjórnarráðið sendir yður, herra stiptamtmaður, eitt exemplar af lögum 29. f. m. um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1870—71, ásamt útdráttar-epitirriti af athugasemdum við frumvarp til fjárhagslaga fyrir tæð fjárhagsár, 20. gr. VI. A 1, 2 og 3, verður yður hérmeð bent á, að lögin aðeins leyfa nauðsynleg útgjöld, sem uppá koma, og á fyrirskipanir þær um útborgun embættismannalauna og fl., sem getið er um í bréfi stjórnarráðsins 20. febrúar 1866¹; skal þess enn framar getið, að síðar mun vísbending verða gefin bæði um útborgun launaviðbóta, sem embættismönnum ber á þessu fjárhagsári, samkvæmt lögum 26. f. m., og um hinar nýju gjaldagreinir, sem á að bæta inn í frumvarp til fjárhagslaganna, að svo miklu leyti sem snertir suður-umdæmið.

Um leið og stjórnarráðið mælist til þess, að þér kunngjörði hlutaðeigendum það sem með þarf, samkvæmt þessu, skal þess getið, að landfógetanum hefir verið skrifað í dag um þetta mál, og vísbending gefin hinum amtmönnum á Íslandi, að því leyti þá sjálfa snertir og þá embættismenn, sem eru í þeirra umdæmum.

Með því að sú heimild, sem með tæðum lögum er veitt stjórninni, ekki nær útyfir þenna mánuð, og ríkisþingið er ekki búið að ræða frumvarpið til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið 1870—71, skal þess að endingu getið, að konungur hefir í dag staðfest lög, er láta þessa heimild stjórnarinnar ná til 31. maím. þ. á.

**36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
og amtmannanna á Íslandi, um hina nýju lyfjavog
og lyfjaskrá.**

30. apríl.

Um leið og stjórnarráðið sendir yður (tit.) nokkur exemplr af auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 5. f. m. um, hvenær opið bréf

¹) Tilðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 308.